

Gjáin og fossar í Fossá í Þjórsárdal, Gnúpverjahreppi, ástandsúttekt og aðgerðir

Gjáin er stuttur gljúfurdalur, skammt frá uppgröfnum rústum fornbylisins að Stöng í Þjórsárdal. Þangað inn liggur göngustígur. Rauðá fellur fram í tveimur meginfossum innst í Gjánni og rennur í Fossá á móts við Reykholt. Stærri fossinn heitir Gjáfoss. Tærar uppsprettur hjala í Gjánni, úfnir klettur og gróskumikill gróður, svo sem mosar, grös, víðir, lyng, hvönn og birki, með glaðlegu fuglalífi á sumrin.

Gjáin myndaðist að mestu fyrir þúsundum ára við vatnsrennsli. Fjögur hraun, svo nefnd Tungnaárhraun innan af Veidivatnasvæðinu hafa runnið um gljúfurdalinn í kapp við vatn. Það yngsta ruddist fram fyrir um það bil 4.000 árum og nefnist Þjórsárdalshraun.

Gjallhólarnir á botni Þjórsárdals eru gervígígar sem hlóðust upp þegar hraunið rann út í stöðuvatn og votlendi en gufustrókar og sprengingar sundruðu hluta þess. Rauðáin, vindur og frostveðrun hafa svo haldið áfram að móta landslagið í Gjánni.

Náttúruminjasrá Suðurlands

Svæði nr. 731. Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauðá mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru atyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar.

Skoða þarf sérstaka verndun gróðurs sbr. lög nr. 60/2013... í vinnslu

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Úthlutun 2014

Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Gjáin í Þjórsárdal umhverfi og aðgengi Kr. 2.250.000 styrkur til gerðar á vönduðum göngustígum niður í Gjána í Þjórsárdal og um hana, m.a. með tröppum og brúm yfir læki. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi, upplifun og fræðslu ferðamanna ásamt því að verja viðkvæma náttúru í Gjánni.

Ástandsúttekt:

Gönguslóðar/gróður

Gróður á svæðinu er að mestu leiti grös, hvönn, mosar, birki- og víðilyng. Tegundir sem þola takmarkaðan ágang og viðkvæmar fyrir ágangi meiri hluta árs.

Innviðir er mjög takmarkaðir, hlaðinn stígur er niður í Gjána frá bílastæðinu sem hefur skriðið til og þarfnast viðhalds/endurhleðslu. Engir augljósir stígar/stýring eru innan svæðisins, þó búið sé að brúa helstu læki með einföldum brúm.

Gönguslóðar og gróður á svæðinu hefur láta verulega á sjá eftir átroðning gesta. Gróðurþekja hefur rofnað á fjölmörgum stöðum og er hætt við að rof myndist vegna vatns, haldi ágangur áfram í sömu mynd. Mikið er af villustígum út frá þeim stígum sem virðist vera lagt upp með sem gönguleið innan svæðisins.

Aðgerðir:

Takmarka aðgengi eða styrkja innviði svo svæðinu hnigni ekki enn frekar...